



Nefndasvið
Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. júlí 2013

Efni: Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 6. mál

Samtök atvinnulífsins telja afar óljóst hvaða breytingar og kostnaðarauka frumvarp þetta hefur í för með sér.

Samtökin benda sérstaklega á að verulegar breytingar eru gerðar á slyshugtakinu frá gildandi lögum. Lagt er til að með slysi sé átt við skyndilegan óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Slyshugtakið er því rýmkað verulega, en ekki ögn, þar sem í gildandi lögum er miðað við skyndilegan utanaðkomandi atburð. Ekki er að finna í frumvarpinu úttekt á því hvaða áhrif þessi breyting hefur, hvorki hvaða tilvik falli þar undir, umfram ofreynslu, né mat lagt á kostnaðarauka.

Í greinargerð er lögð áhersla á markmiðsákvæði 1. gr. frumvarpsins, sem tryggja á slysatryggðum bætur frá almannatryggingum vegna vinnuslysa og annarra tiltekinna slysa óháð tekjum og það talið fela í sér lýsingu á grundvallarréttindum slysatryggðra sem líta ber til við framkvæmd laganna og hafa til hliðsjónar við skýringu einstakra ákvæða. Hvað í því felst er einnig afar óljóst.

Ástæða er til að skoða einnig önnur ákvæði frumvarpsins en til þess hefur ekki unnist tími vegna skamms umsagnarfrests.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.
Yfirlögfræðingur